



FÉLAG NÁMS- &  
STARFSRÁÐGJAFNA

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1530  
komudagur 11.2.2009

Reykjavík 9. febrúar 2009

Menntamálanefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Erindi þessa bréfs er að óska eftir því að menntamálanefnd Alþingis vinni að því að leggja fram frumvarp um lög um lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa.

Með því að lögvernda starfsheiti náms- og starfsráðgjafa eru um leið tryggð ákveðin gæði þjónustunnar við neytendur. Með lögverndun hefur aðeins sá sem menntað hefur sig til starfsins rétt til að nota starfsheitið. Þar með veit sá sem leitar til náms- og starfsráðgjafa að sá sem þjónustuna veitir hefur þá fagþekkingu sem þarf til að aðstoða hann. Það er ótvíræður hagur neytenda að sú þjónusta sem þeim býðst sé sambærileg hvar sem er á landinu, hvort sem átt er við grunn- og framhaldsskóla, fámenna eða fjölmenna skóla, háskóla eða atvinnulíf.

f. h. Félags náms- og starfsráðgjafa

Ágústa E. Ingbórsdóttir, formaður

Fylgiskjal 1: Helstu rök sem styðja lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa



09.02.09

### **Helstu rök sem styðja lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa:**

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) var stofnað 1981 og er faglegur vettvangur fyrir náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. Félagar eru um 300 talsins og starfa ýmist í menntakerfinu eða á símenntunarstöðvum, vinnumiðlunum og fræðslustöðvum atvinnulífsins svo dæmi séu tekin.

Við heildarendurskoðun lögverndunarlaganna sem fór fram á haustþingi 2007 óskaði FNS eftir því við nefnd um endurskoðun á lögverndun á starfsheitum og starfsréttindum innan menntakerfisins að hún tæki tillit til þeirra raka sem mæla með lögverndun á starfsheiti fagstéttar náms- og starfsráðgjafa. FNS hefur áður óskað eftir því við menntamálanefnd Alþingis að hún legði drög að því að málið fengi samþykki Alþingis.

### **Helstu rök sem styðja lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa:**

- Náms- og starfsráðgjöf hefur fest sig í sessi í menntakerfinu frá því að stefnumótun hófst á vegum menntamálaráðuneytisins árið 1989 og nám í námsráðgjöf hófst árið 1991 við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Fagleg þekking og vinnubrögð liggja að baki náms- og starfsráðgjöf og starfsheitið náms- og starfsráðgjafi vísar til þess að sá hinn sami veitir faglega ráðgjöf á grundvelli sértækrar menntunar sinnar.
- Í námsskrám grunn- og framhaldsskóla er kveðið á um þjónustu í námsráðgjöf sbr. IX. kafla grunnskólalaga frá 2008 um sérfræðipjónustu og reglugerð nr. 5/2001 gr. 9 um starfslið framhaldsskóla er kveðið á um menntun þess er veitir náms- og starfsráðgjöf sem er í samræmi við menntunarframboð við t.d. Háskóla Íslands.
- Í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006 17. grein er nefnt að eitt af verkefnum svæðisvinnumiðlana er að veita upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun. Einnig er nefnt að atvinnulausir skulu eiga kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi og starfsþjálfun. Hér er kallað á faglega þekkingu sem að náms- og starfsráðgjafi getur einn veitt.

- Gefnar hafa verið út siðareglur náms- og starfsráðgjafa sem unnar voru af Félagi náms- og starfsráðgjafa í samstarfi við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Með lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa er verið að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum ráðþega og að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið, út á vinnumarkaðinn og til almennings. Sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa getur verið viss um að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskylda menntun og fagþekkingu. Hér er fyrst og fremst verið að hugsa um heill nemenda og þeirra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð fagstéttarinnar.
- Náms- og starfsráðgjafar og fagið sjálft getur stuðlað að öflugri tengingu milli skóla og atvinnulífs.
- Með lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa er verið að leggja lóð á vogarskálarnar til eflingar náms- og starfsráðgjafar á Íslandi.

#### **Annað:**

Mikil þróun á sér stað í náms- og starfsráðgjöf hér á landi til dæmis í námi í náms- og starfsráðgjöf. Við félagsvísindadeild Háskóla Íslands hefur verið boðið upp á meistaranám í náms- og starfsráðgjöf frá árinu 2004. Þetta er mikið framfaraskref þar sem að meistaranámið mun auka enn fremur fagþekkingu náms- og starfsráðgjafa auk þess sem rannsóknir munu stórukast á fagsviðinu.

Efla þarf náms- og starfsráðgjöf á öllum skólastigum, auka vægi náms- og starfsfræðslu og tryggja aðgengi að náms- og starfsráðgjöf í samfélaginu. Efling náms- og starfsráðgjafar felur m.a. í sér eflingu fagstéttarinnar og er lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa eitt skref í því. Annað skref er að lögfesta starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa með tilliti til nemendafjölda. Staðreyndin í dag er sú að allt of margir nemendur eru að baki 100% stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í menntakerfinu sem gerir það að verkum að ekki er hægt að sinna nægilega þörfum nemenda hvað varðar náms- og starfsráðgjöf, náms- og starfsfræðslu, náms- og starfsval og persónulega ráðgjöf.

Efla þarf aðgengi almennings að náms- og starfsráðgjöf sérstaklega í ljósi sí- og endurmenntunar og fullorðinsfræðslu. Náms- og starfsráðgjafar sjá mikil tækifæri í því að aðgengi að náms- og starfsráðgjöf verði eflt – að hún leiði til framfara fyrir einstaklinga og samfélagið í heild.

Horfa verður á náms- og starfsráðgjöf sem heild – frá skóla til atvinnulífs, frá æsku til fullorðinsára.